

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 26. september 2024 klukkan 08:45

Titill

Þjóðsaga og sögn.

Höfundur

Jón Hnefill Aðalsteinsson (1927-2010)

Tímarit

Skírnir

155. árgangur 1981

1. tölublað

Bls. 147-154

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991005081759706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

JÓN HNEFILL AÐALSTEINSSON

Þjóðsaga og sögn

ÞJÓÐSAGAN er alþjóðleg og ótímabundin. Viðfangsefni þeirra sem við rannsókn hennar fást eru sviplík frá einu landi til annars. Fyrsta viðfangsefni þjóðsagnafræðingsins er gjarna að skilgreina og afmarka hugtakið „þjóðsaga“. Hefur það nokkuð vafist fyrir fræðimönnum og þau orð sem hin ýmsu tungumál eiga yfir þjóðsögur eru mismunandi að blæbrigðum og flest óljóst afmörkuð. Þannig segir Stith Thompson: „Í ensku máli hafa menn ekki lagt sig eftir nákvæmum skilgreiningum í þessa veru. Hugtakið „folktale“ hefur ætíð verið notað ónákvæmt um hinna ýmsu greinar munnlegs frásagnarefnis.“ Stith Thompson bætir því við, að þó sé víðast hvar gerður greinarmunur á því sem hann nefnir „wonder tale“ eða „fairy tale“ annars vegar og „legend“ hins vegar. Hið fyrrnefnda er sögur sem greina frá hinum ótrúlegustu furðufyrirbærum, en hið síðarnefnda eru sagnir sem skírskota til sögulegra staðreynda.¹ Greinarmun þann, er hér kemur fram, var þegar að finna hjá Jacob Grimm, er komst þannig að orði í *Deutsche Sagen* 1816: „Das Märchen ist poetischer, die Sage historischer.“ Linda Dégh vitnar til þessara orða í ritgerð um þjóðsögur frá 1972 og segir, að allt frá dögum Grimm-bræðra hafi þjóðsagnafræðingar gert greinarmun á „magic tale (Märchen)“ og „legend“. Linda Dégh segir ennfremur, að þjóðsagnarannsóknir hafi í meira en hundrað ár snúist um rannsókn þjóðsögunnar (the Märchen), en vegna gerbreyttra menningarháttanna í kjölfar síðari heimsstyrjaldar verði þjóðsagnafræðingar nú að snúa sér að því að finna nákvæmari skilgreiningar hinna ýmsu undirgreina þjóðsagnafræðinnar. Fullkomin þjóðsagnafræðileg skilgreining þessa efnis, byggð á formi, efni og hlutverki, sé þó tæpast framkvæmanleg.² Lauri Honko setur fram áþekk sjónarmið í ritgerð frá 1979, að flestar greinar þjóðsagnaefnis svo sem þjóðsögur, sagnir, goðsögur og kýmnisögur hljóti ætíð að hafa óljós mörk sín á milli.³

Svipað verður upp á teningnum þegar hugað er að merkingu orðsins „þjóðsaga“ á íslensku. Í formála að fyrsta bindi Þjóðsagnabókarinnar, er út kom árið 1971, segir Sigurður Nordal á þessa leið m. a.: „Í öðru lagi hef ég haft í huga, að skilgreining þess, sem réttmætt sé að nefna „þjóðsögur“, er hvergi nærri fullskýr né óumdeild.“⁴ Þessi staðhæfing hefur í engu misst gildi sitt á þeim tíu árum sem liðin eru síðan hún var fram sett. Til fróðleiks er rétt að víkja nánar að þessu efni og rekja í fáum dráttum uppruna og sögu orðsins „þjóðsaga“.

Árið 1860 birti Jón Sigurðsson í Nýjum félagsritum ritfregn um *Isländische Volkssagen*, sem Konrad Maurer hafði gefið út fyrir á því ári.⁵ Í ritfregn þessari kemur einu sinni fyrir orðið „þjóðsaga“, líkt og það orð hrjóti óvart úr penna Jóns, eins og Sigurður Nordal kemst að orði.⁶ Þetta er í fyrsta sinn sem orðið „þjóðsaga“ kemur fyrir á prenti. Það er þó aðeins eldra og hafði komið fyrir þegar árið 1859 í bréfi frá Jóni Árnasyni,⁷ sem notar það einnig einu sinni í þjóðsagnaformála sínum, sem ritaður er 1861 og átti að birtast með þjóðsagnaútgáfu hans.⁸

Nokkuð mun hafa vafist fyrir Jóni Árnasyni hvaða nafn skyldi haft á þjóðsagnaútgáfu hans. Ein af þeim tillögum frá hans hendi sem varðveist hafa er á þessa leið: *Íslenskar alþýðlegar munnmælasögur og ævintýri*,⁹ en það heiti sem endanlega var valið var eins og kunnugt er: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Guðbrandur Vigfússon ritaði formála að fyrri bindi þeirrar útgáfu og þar segir hann, að Jón Árnason hafi valið heiti hennar.¹⁰ Þetta hafa sumir fræðimenn efast um að sé fullkomlega sannleikanum samkvæmt. Sigurður Nordal segir í III. bindi Þjóðsagnabókarinnar, að fram hafi komið „efasemdir um það, hvort þessi titill væri frá Jóni sjálfum, ...“¹¹ Einar Ól. Sveinsson segir í þessu sambandi: „ég ætla, að þeir Hafnarbúar, Jón Sigurðsson og Guðbrandur Vigfússon eigi mest í orðinu „þjóðsaga“, sem er þýðing á *Volkssage*.“¹²

Meginrökin fyrir þessari skoðun eru þau, að orðið „þjóðsaga“ kemur svo sjaldan fyrir hjá Jóni Árnasyni, en í formálanum sem Guðbrandur Vigfússon ritaði fyrir þjóðsagnaútgáfu Jóns kemur orðið „þjóðsaga“ fyrir ekki sjaldnar en 37 sinnum.¹³ Er því augljóst, að Guðbrandur hefur tekið sérstöku ástfóstri

við þetta heiti. Liggur því næst fyrir að gaumgæfa hverja merkingu hann leggur í það.

Guðbrandur Vigfússon hefur mál sitt með því, að Ísland hafi frá fyrstu tíð verið „auðigt af þjóðsögum um álfa, tröll og alls konar forneskjusögnum . . .“ Hann vitnar til Íslendingasagna, sem hann telur geyma „sannar sögur“, en segir síðan: „Hvorar tveggja sögurnar hafa alist upp í einu brjósti eins og sambornar systur, hjátrúarsögurnar og hinar sönnu sögur, og báðar megu því með jöfnum rétti kallast þjóðsögur . . .“ Eins og Sigurður Nordal hefur bent á, þá er Guðbrandur barn síns tíma, er hann talar um „sannar sögur“ í íslenskum fornþókmenntum.¹⁴ Í framhaldi formálans ræðir Guðbrandur um þjóðsögurnar sem „hugsmíð og skáldskap“, er „yngjast ávallt upp og bregðast í ýmsa hami eftir sem tíðarandinn leikur úr ýmsum áttum.“ Og eftir tíðarandanum geta þjóðsögurnar orðið þannig, að „draugasögur og galdrar“ verði ríkjandi í þeim, en í betra árferði og hjartara „verða sögurnar mildari og álfasögur og indæl ævintýri verða þá meir yrkisefni þjóðarinnar.“ Rétt er að veita því athygli hér, að ævintýrin eru í munni Guðbrands ein undirgrein þjóðsögunnar. Þetta kemur enn skýrar fram síðar í formála hans þar sem segir: „Hvergi eru hinar íslensku þjóðsögur svo óþrjótandi sem í ævintýrunum . . .“ Aftar í formálanum talar Guðbrandur þó um „íslenskar þjóðsögur og ævintýri“, er hann greinir frá því sem Árni Magnússon hafði safnað. Í framhaldi telur hann upp sérstaklega nokkur þessara ævintýra, Mærþallar sögu, Brjáns sögu og Himinbjargar sögu. Guðbrandur segir ennfremur, „að hver þjóð í heiminum sem nokkuð er að manni hefur þjóðsögur og ævintýri og ýmsa hjátrú og ekki hvað síst hinar menntuðustu þjóðir.“¹⁵ Í þessum tveimur síðustu tilvitnunum gæti svo virst sem Guðbrandur Vigfússon liti svo á að þjóðsögur væru eitt og ævintýri annað. Og óneitanlega bendir titill bókarinnar til þess, að þeir sem hann ákváðu, hver eða hverjir svo sem það voru, hafi litið svo á að ævintýrin væru eitt-hvað annað en þjóðsögurnar. Mér virðist þó, að tvær fyrstnefndu tilvitnanirnar um þetta efni taki af öll tvímæli um það, að Guðbrandur Vigfússon hafi talið að hugtakið „þjóðsaga“ tæki einnig til ævintýranna. Hitt er svo annað mál, að heiti þjóð-

sagnasafnsins og eins ef til vill orðalag Guðbrands síðar í formálanum hefur verið til þess fallið að villa um þessa merkingu orðsins og valda ruglingi.

Einar Ól. Sveinsson vék að í fyrrgreindri tilvitnun, er rétt að og hér hefur verið lesin út úr formála Guðbrands Vigfússonar. Hann segir:

Þá kemur loks að sögum, sem ótvíræðlega eru *þjóðsögur*. Er þar að nefna tvo stóra flokka; heitir annar á þýsku *Volkssagen*, og kalla ég það hér á eftir „þjóðsagnir“ (sem ekki má blanda saman við þjóðsögur, sem ég læt ná yfir meira), en hinn *Märchen*, og nefndi Jón Árnason það „ævintýri“ en það orð hafði áður haft miklu víðtækari merkingu (sjá bls. 213).¹⁶

Orðið „þjóðsagnir“ sem Einar Ól. Sveinsson gerir tilraun til að innleiða hér og nota yfir hluta af þjóðsögum hefur aldrei náð fótfestu í íslensku máli. Þetta orð kemur fyrir í heiti safns Odds Björnssonar, sem Jónas Jónasson bjó til prentunar 1908: *Þjóðtrú og þjóðsagnir*. Það er þó fyrir ýmsra hluta sakir óheppilegt, m. a. vegna þess að fleirtölumyndin af þjóðsaga og þjóðsögn er eins í eignarfalli og því í samsettum orðum. Sem dæmi um hve erfitt „þjóðsagnir“ eiga uppdráttar í málinu má nefna, að þegar Steindór Steindórsson ritar eftirmála að endurútgáfu sinni á *Þjóðtrú og þjóðsögnum* kemst hann m. a. svo að orði: „Það er von og trú útgefenda, að þessi nýja útgáfa af *Þjóðtrú og þjóðsögum* . . .“¹⁷ Mér er ekki kunnugt um aðrar tilraunir en þessar tvær til að innleiða orðið „þjóðsagnir“.¹⁸

Um hina eldri og víðtækari merkingu orðsins „ævintýri“, sem Einar Ól. Sveinsson vék að í fyrrgreindri tilvitnun, er rétt að birta orð Jóns Árnasonar sjálfs, er segir í athugasgrein við innangang ævintýranna í *Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum*: „Það getur verið að orðið *ævintýri* þyki hér tekið í of þröngri merkingu þar sem það grípi ekki yfir nema sögur af kóngi og drottningu, karli og kerlingu því eftir uppruna sínum þýði það sérhverja skáldsögu sem að sögnum fer.“¹⁹

Þegar þessi orð Jóns Árnasonar eru hugfest og jafnframt þær tilvitnanir úr formála Guðbrands Vigfússonar þar sem skýrt kom fram að hugtakið „þjóðsaga“ spannaði allt sagnaefni bókarinnar, ævintýrin líka, þá verður titill bókarinnar, *Íslenskar*

Þjóðsögur og ævintýri, óeðlilegur og villandi. Þessi titill stríðir gegn þeim skilningi sem fram kemur í formála Guðbrands og eins gegn efnisskipan bókarinnar og umræddri athugasemd Jóns, að ævintýrin séu aðeins ein grein þjóðsagna. Með þetta í huga hefði verið eðlilegt að fella síðari hluta titilsins niður í endurútgáfu þjóðsagnanna. Svipaða leið velur Sigurður Nordal, er hann nefnir bók sína Þjóðsagnabók, en birtir síðan í henni án sérstakra athugasemda flokk ævintýra ásamt öðrum sagnaflokkum.²⁰

Athyglisvert er að gefa því gaum, að ævintýrsheitið hverfur að mestu úr íslenskum þjóðsagnasöfnum eftir daga Jóns Árnasonar. Þjóðsögur verður hins vegar mjög algengt heiti, oft að viðbættu einhverju öðru sem skírskotar nánar til raunveruleikans, svo sem sögn, munnmæli eða sagnaþættir.²¹

Einhver skýrasta skilgreining á þjóðsögu sem til er á íslensku er gerð af Símoni Jóh. Ágústssyni og birt í tímaritinu Helgafelli árið 1942. Skilgreining hans er á þessa leið:

Helstu einkenni þjóðsögu er það, að hún er frásögn um atburði, oftast dulræna eða óvenjulega atburði, sem gengið hefur alllanga hríð í munnmælum. Hún er að nokkru leyti verk óteljandi manna, sem enginn veit nöfn á. Alþýða manna hefur skapað hana í sinni mynd og sett svip sinn á hana. Oft er sannsögulegur atburður tilefni þjóðsögunnar, en hin upprunalega frásaga hefur aflagast eða skekkst á ýmsa lund: Hún verður oftast einfaldari, aðeins meginatriðin eða uppistaðan haldast nokkurnveginn rétt, hún ýkist, verður dramatískari, andstæður skerpast, nýjum atriðum er bætt inn í o. fl. Þjóðsagan sýnir og, hvernig alþýðan á hverjum tíma skýrir fyrir sér örlög manna og atburði, hún ber keim af menningu hennar yfirleitt, trú hennar og hjátrú, von og ótta. En þótt þjóðsagan sé þannig mótuð í megindráttum, er samt engan veginn sama hver segir hana. Góður sögumaður varpar persónulegum blæ á hverja sögu, bæði orðalag og byggingu. Hinn listræni, heilsteypti svipur, sem er á sumum þjóðsögum, er sennilega að mestu leyti verk góðs sögumanns. Sagan af Galdra-Lofti hefur varla gengið manna milli í jafn listrænum búningi og hún er í í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Sögumaðurinn, séra Skúli Gíslason, hefur gert úr henni listaverk. Mér fannst ég vel skilja þátt þann, sem munnmælin eiga annarsvegar og sögumaðurinn hinsvegar í góðri þjóðsögu, er ég heyrði eitt sinn Herdísí Andrésdóttur segja munnmælasögu nokkra, sem mér var áður kunn úr áttögum mínum. Fá ný efnisatriði komu þó þar fram, og viðburðaröðin var nær hin sama, en orðalagið og heildarmótið voru stórum áhrifameiri og listrænni í frásögn Herdísar en munnmælasaga þessi er hjá ótíndum al-

menningi. Ég hygg, að það sé oftast fyrst í þessari endursköpun góðra sögmanna, að Þjóðsagan fær á sig listrænt snið.²²

*Þjóðsögur og sagnir*²³ er algengt heiti á íslenskum Þjóðsagna-söfnum síðari tíma. Það er vel valið og spannar oftast til nokkurrar hlítar það efni sem söfnin hafa að geyma. Þetta heiti gefur einnig til kynna sama grundvallargreinar mun og Stith Thompson og Linda Dégh hafa vakið athygli á og minnst var á í upphafi þessarar ritgerðar. Þjóðsagan tekur til þess sem á útlendum málum er nefnt „folktale“, „Märchen“, „folksaga“ eða „eventyr“, en sögnin samsvarar hins vegar „legend“, „sagen“, „sagn“ og fleiri slíkum heitum sem skírskota til veruleikans og raunverulegra atburða.

Í Þjóðsagnasöfnum, innlendum sem erlendum, er áberandi hve miklu fyrirferðarmeiri sagnirnar eru en Þjóðsögurnar. Hér ber það m. a. til, að Þjóðsagan gerði miklu meiri kröfur til flytjenda sinna en sögnin. Sérstakt hæfileikafólk, svonefndir sagnaþulir eða sagnaþulur, var þess eitt umkomið að segja Þjóðsögu svo vel færi, eins og Símon Jóh. Ágústsson lýsti svo vel. Sögninni gat hins vegar hver sem komið áleiðis. Þegar bændasamfélagið var úr sögunni með öllum þeim menningarfyribærum sem því fylgdu, þá var einnig blómaskeið sagnaþulanna og Þjóðsagnanna á enda. Sagnirnar héldu hins vegar velli og lifa góðu lífi víða enn þann dag í dag.

Eins og fram hefur komið hér að framan, þá hafa Þjóðsagnafræðingar nokkuð lagt sig eftir að skilgreina Þjóðsögu annars vegar og sögn hins vegar. Einn helsti forvígismaður Þjóðsagnarannsóknna á Norðurlöndum, Carl Wilhelm von Sydow, kemst þannig að orði, er hann dregur fram greinarmun sagnar og Þjóðsögu: „Sögnin gerir kröfu til að vera frásögn raunverulegra atburða sem oft er rennt stöðum undir með því að tilgreina staðinn þar sem atburðurinn hefur átt sér stað og nefna nöfn þeirra manna er koma við sögu eða draga fram aðrar sannanir. Þjóðsagan hefur hins vegar það meginmarkmið að skemmta áheyrendum sínum með skoplegum og skemmtilegum frásögnum, án þess að spyrja hvort þær séu sannar eða lognar. Þjóðsagan nefnir því að staðaldri hvorki staðanöfn né manna. Atburðarásin sjálf er það eina sem hún lætur sig varða. Af þessum mismun

leiðir einnig gerólíkan stíl. Sögnin er stutt og frásögn hennar oft þurr, en þjóðsagan leitast hins vegar við að gera frásögnina eins lifandi og safaríka og unnt er.²⁴

Aðrir fræðimenn hafa dregið fram fleiri mismunareinkenni á þjóðsögu og sögn. Þjóðsagan er yfirleitt lengri en sögnin og form þjóðsögunnar er að jafnaði fastmótað, en form sagnarinnar getur verið með ýmsu móti. Hlutverk þjóðsögu er framar öðru að skemmta eins og áður gat, en hlutverk sagnar getur verið mjög margbreytilegt. Sagnir geta verið víti til varnaðar, þær geta verið settar fram í skýringarskyni til að varpa ljósi á tilurð eða tilkomu einhvers fyrirbæris eða staðfesta það sem fyrir hendi er svo sem trúarhugmyndir eða kenningar. Þá geta sagnir gegnt uppeldishlutverki og loks geta þær átt það sammerkt með þjóðsögunum, að þeim er ætlað að skemmta fólki.²⁵

Þjóðsagnafræðingar hafa allt til síðustu áratuga sýnt sögnum minni áhuga en þjóðsögum. Í samanburði á rannsóknum þjóðsagna og sagna, sem Anna Birgitta Rooth gerði fyrir tveimur áratugum, kemur fram að sögnunum hafði til þess tíma verið næsta líf till gaumur gefinn. Í ritgerð sinni hvetur Anna Birgitta til aukinnar rannsóknar á sögnum og bendir m. a. á hve rannsókn þeirra sé mikilvæg fyrir þjóðfræðina, vegna þess hverju þær miðla af þjóðtrú og siðvenjum.²⁶

Fyrstur norrænna þjóðfræðinga til að sinna sögnum að marki var Dag Strömbäck, en rannsóknir hans á þessum vettvangi snerta okkur Íslendinga verulega, því að rannsóknarverkefni hans tengjast mjög oft íslenskum efnum. Má í því sambandi nefna rannsóknir Dags á elstu kirkjustöðum í sögnum og þjóðtrú og eins rannsóknir hans á sögnum tengdum efni Íslendingasagna.²⁷ Á síðustu áratugum hefur áhugi þjóðfræðinga hvarvetna beinst að sögnum í auknum mæli.

Hér á landi eru rannsóknir á sögnum nánast óplægður akur. Að undanskilinni rannsókn Óskars Halldórssonar um hugsanlegar sagnir sem höfundur Hrafnkels sögu hafi haft úr að moða,²⁸ þá hefur lítið verið unnið markvisst að þjóðsagnafræðilegri rannsókn á sögnum hérlendis. Ótöluleg verkefni bíða þó þjóðsagnafræðinga á þessum vettvangi frá öllum öldum Íslandsbyggðar, allt frá landnámi til samtímans.

- 1 Stith Thompson: The Folktale 1946, 21.
- 2 Linda Dégh: Folk Narrative 1972, 58 o. áfr. (í Folklore and Folklife. Ed. by Richard M. Dorson).
- 3 Lauri Honko: Genre-theory 1979, 23 (í Current Trends in Folk Narrative Theory, sem lagt var fram á þingi Þjóðsagnafræðinga í Edinborg 1979).
- 4 Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin I 1971, xiii.
- 5 Jón Sigurðsson: Ný félagsrit Khöfn 1860, 194.
- 6 Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin I 1971, xi.
- 7 Úr fórum Jóns Árnasonar 1950, 140. Sbr. Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin III 1973, xxi.
- 8 Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I 1961, XVII–XXIII.
- 9 Sama rit, IV.
- 10 Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II 1961, XV.
- 11 Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin III 1973, xxi.
- 12 Einar Ól. Sveinsson: Um íslenskar þjóðsögur 1940, 213. Þess má geta, að Guðbrandur Vigfússon þýðir *Volkssage* með „þjóðsaga“, en Jón Árnason þýðir það með „alþýðusaga“. Sjá formála Guðbrands í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II 1961, XXXVI, og formála Jóns Árnasonar í Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I 1961, XXI.
- 13 Sjá áður nefndan formála Guðbrands.
- 14 Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin I 1971, xviii–xix.
- 15 Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II 1961, XV o. áfr.
- 16 Einar Ól. Sveinsson 1940, 12.
- 17 Oddur Björnsson: Þjóðtrú og þjóðsagnir 1978, 338.
- 18 Sjá þó Hornstranda þjóðsagnir frá fyrri tímum. Rvík 1933.
- 19 Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II 1961, 227.
- 20 Sigurður Nordal: Þjóðsagnabókin III 1973, 157–281.
- 21 Steindór Steindórsson: Skrá um íslenskar þjóðsögur og skyld rit 1964, 13–25.
- 22 Símon Jón. Ágústsson: Þjóðsögur og gerviþjóðsögur. Helgafell 1942, 428.
- 23 Þau rit sem hér um ræðir eru talin upp í bók Steindórs Steindórssonar: Skrá um íslenskar þjóðsögur og skyld rit 1964, 13–25.
- 24 Om folksagorna av C. W. von Sydow í Nordisk kultur IX 1951, 199. Endurprentað í Folkdikt och folketro utg. av Anna Birgitta Rooth. Lund 1978, 29.
- 25 Per Peterson: Sagans teorier. Uppsala 1980, 1–5.
- 26 Anna Birgitta Rooth: Saga och sägen. Uppsala 1976, 17. Áður birt í Festskrift för Sigfrid Svensson, Lund 1961.
- 27 Dag Strömbäck: Folklore & filologi. Uppsala 1970, 123 o.áfr. og 238 o.áfr.
- 28 Óskar Halldórsson: Uppruni og þema Hrafnkels sögu. Rvík 1976.